# Dagskrárskjöl bygginarnefndar 1908-1913

Aðfnr. 1326 b, örk 79

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

500 kr.
2/50 – 4/75

Brjef. 16/9 '11
Byg 19

Með því að jeg undirritaður hefi í sumar látið gera mjög við lóð mína kring um húsið Nr. 3 B við Hverfisgötu og hefi hugsað mjer að afgirða hana að öllu leyti, en sje hins vegar, að ef jeg geri það, muni það hindra töluvert umferð um Hverfisgötu, þar sem gatan kemur til að verða mjórri fram undan lóð minni en bæði fyrir ofan og utan, þá leyfi jeg mjer hjermeð að bjóða hinni háttvirtu bæjarstjórn Reykjavíkur rúm það af lóð minni til kaups, sem með þarf til þess að gatan á þessu svæði verði jafnbreið og fyrir ofan og utan lóð mína, og ætlast jeg til, að kaupverðið verði ákveðið annaðhvort eptir samkomulagi eða með mati óvilhallra, dómkvaddra manna.

Það skal tekið fram, að jeg hefi fengið bæjarverkfræðinginn til að mæla lóðarræmu þessa og læt jeg upplýsingar hans fylgja hjermeð. /. Lóðarræma þessi er samkvæmt mælingu verkfræðingsins 258½ □ ál. og er ræma sú, framundan húsi mínu og sumpart af lóð minni austur undan húsinu, sem að sjálfsögðu fyr eða síðar verður tekin undir götuna.

Reykjavík 6. september 1911.
Virðingarfyllst.
Ámundi Árnason

B. Rvk. 583/1911. Byg 19.

Til
bæjarstjórnar Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Eftirrit
## af byggingarnefndargjörð 16. September 1911

Ár 1911 hinn 16. dag septembermánaðar var fundur haldinn
í byggingarnefndinni og var þá fyrir tekið:
1. Út af erindi Magnúsar Einarssonar, Vesturgötu 64 um
lóðarspildu fyrir sunnan hús hans, fól nefndin borgarstjóra
að rannsaka eignarheimild Magnúsar fyrir þessari spildu.
2. Guðfinnu Jónsdóttur leyft að setja kvistglugga á hús hennar
nr. 20 við Frakkastíg.
3. Sveini Jónssyni leyft að breyta 2 gluggum í húsi sínu
nr. 10 við Brekkugötu.
4. Emil Rokstad fer fram á að fá keypta lóð við Laugarnes-
veginn fyrir norðan Laugalækinn. Nefndin leggur til að
975 honum verði seldur 975 ferálna stór lóð (25 álnir með
veginum) fyrir 50 aura hverja feralin. Í þessu tilefni
ályktar nefndin að vegurinn skuli vera 20 álna breiður
og ráði fiskgeymsluhúsin á Kirkjusandi innra stefnunni
að vestan.
5. Sama manni leyft að reisa hús á framangreindri lóð,
ef hann kaupir hana. Húsið er 13 x 12 áln. að stærð, með skúr
3½ x 4½ al.
6. Guðm. Þorleifsson fer um fram á að fá keypta lóðina nr. 22
við Frakkastíg og vill nú borga 1 krónu fyrir hverja feralin
(sbr. fund 2. sept. 13. lið). Nefndin leggur til að honum sé seld
lóðin, en þar sem hann fer fram á að fá sérstaka borgunar-
skilmála, vísar nefndin málinu að öðru leyti til fjárhags-
nefndar.
7. Sturlu Jónssyni leyft að gjöra íbúð í kjallaranum á
húsinu nr. 36 við Hverfisgötu, en þar er nú trésmíðastofa.
Leyfið er því skilyrði bundið, að fullnægt sé ákvæðum 24. gr.
byggingarsamþyktar og að heilbrigðisnefnd veiti leyfi til.
8. Ámundi Árnason kaupmaður hefir boðið bæjarstjórninni
lóðarræmu til breikkunar Hverfisgötu meðfram lóð hans nr. 3A.
og hefir bæjarstjórnin vísað erindi hans til byggingarnefndar-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Nefndin hefir athugað, að þetta er eina lóðin að norðanverðu við Hverfisgötu, sem nær út fyrir götujaðar og leggur eindregið til að hún verði keypt nú, áður en Ámundi girðir lóðina að nýju. Verðið telur nefndin hæfilega sett á kr. 1.75 fyrir hverja feralin, en ræman er öll 258½ feralin, samkv. mælingu bæjarverkfræðings.

9. Leyft að hækka innsiglingarvitann við Vitastíg um 6 álnir.

10. Lagður fram uppdráttur af hinni fyrirhuguðu brunastöð og samþyktur af nefndinni. Aðalhúsið er áætlað 25 álnir að lengd og 13 áln. að breidd og einlyft útbygging 16½×14½ al. að stærð. Tryggvi Gunnarsson lætur þess getið, að hann er ósamþykkur útliti hússins og fyrirkomulagi.

Á fund vantaði Pál Einarsson Jón Jensson og Rögnvald Ólafsson.

Fundi slitið

B. Jónasson. K. Zimsen. Tr. Gunnarsson G. Olsen.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Heiðraða Byggingarnefnd

Hjer með fer eg þess á leit við yður hvert mjer sje ekki leifilegt að breita báðum gluggum á Efri byggingu á húsi mínu nr 10 á Brekku stíg. svo er ~~a~~ á statt að það er sinn 4 rúðu gluggin á hvejum enda. enn nú er á form mitt að setja sex rúðu glugga og breita þar með falsinu dálitið

Ég vil mælast til að fá að heira á lit yðar það allra firsta

B. Rvk. 585/ 11 Bjf. 14.
Miðvirðingar

Brekkustíg 6-9 1911
Sveinn Jónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hér með leyfi eg mér und-<br>irrituð að beiðast þess<br>af hinni heiðruðu bæjar-<br>stjórn, að eg megi láta<br>setja kristglugga á<br>húsið mitt nr. 20 á Frakkastíg.

Virðingarfyllst,

Reykjavík 6. sept. 1911.

Guðfinna Jónsdóttir

Frakkastíg 20.

B. R. 584/11/11 Bv 14.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Í sambandi við bréf mitt til bæjarstjórnarinnar, sem lesið var á síðasta fundi, um kaup á lóð við Frakkastíg, skal ég láta þess getið að mér líkar um hugur á að kaupa lóðina sætti mig við það verð, sem bæjarstjórn hefir áskilið, þ.e. 1 kr. □ al. hverja, en treysti mér ekki til að kaupa með öðru móti en því, að greiða 300 kr. þegar eftir að ég hefi reist hús á lóðinni og eftirstöðvarnar í skemsta lagi 1 ári þar á eftir. Þó er þetta því skilyrði bundið að bærinn láti sér nægja 2. veðrétt í lóðinni til tryggingar greiðslu eftirstöðvanna.

Virðingarfylst.

Reykjavík 16. sept. 1911.

Guðm. Þorleifsson

Njálsgötu 43

B. Rvk. 582/1911 B 4 14.

Til

Bæjarstjórnarinnar

í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjer með leyfi jeg mjer virðingarfyllst að fara þess á leit, að hinni háttvirtu bæjarstjórn mætti þóknast að mæla mjer út og selja mjer byggingarlóð við Laugarnesveginn, en þar hefi jeg í hyggju að byggja íbúðarhús, samkvæmt uppdrætti þeim, er hjer með fylgir.

Laugarnesi 1. Ágúst 1911

Virðingarfyllst

Emil Rokstad

B. Rok 5 80/1911 Bý 19.

Til

bæjarstjórnar Reykjavikur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjer með leyfi jeg mjer virðingarfyllst að fara þess á leit, að hinni háttvirtu bæjarstjórn mætti þóknast að mæla mjer út og selja mjer byggingarlóð við Laugarnesveginn, en þar hefi jeg í hyggju að byggja íbúðarhús, samkvæmt uppdrætti þeim, er hjer með fylgir.

Laugarnesi 1. Ágúst 1911

Virðingarfyllst

Til

b æ j a r s t j ó r n a r R e y k j a v i k u r.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjer með vil jeg leyfa mjer að biðja hina háttvirtu bygg-
ingarnefnd að leyfa mjer að byggja íbúðarhús, samkvæmt meðfylgj-
andi uppdrætti við Laugarnesveginn.

Laugarnesi 5. September 1911

Virðingarfyllst

Emil Rokstad

B. Rok. 58/1911 Bý 14.

Til

byggingarnefndar Reykjavikur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Lóð Ámunda Árnasonar Hverfisgötu nr. 3B.

1:200




Rvík 4 sept. 1911

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur